

RHA – Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri **auglýsir laust til umsóknar 100% starf sérfræðings við rannsóknir**

Auglýst er eftir sérfræðingi til rannsókna- og ráðgjafastarfa. Starfið felur í sér vinnu við gagnaöflun, tölfræðigreiningar, skýrsluskrif og annað sem til fellur. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

RHA er sjálfstæð eining innan Háskólans á Akureyri sem aflar sér einkum tekna með rannsóknaverkefnum og ráðgjöf fyrir ýmsa aðila innanlands sem utan. Hlutverk RHA er að efla rannsóknastarfsemi við Háskólann á Akureyri og styrkja tengsl hans við atvinnulífið. Einnig að vinna að þróun nýrra verkefna innan háskólans og koma þeim í réttan farveg. Starfsmenn RHA eru 9 talsins. Næsti yfirmaður er forstöðumaður RHA. Vinnustaður er á Borgum á háskólasvæðinu. Sjá nánar á vefslóð www.rha.is.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistaragráða sem nýtist í starfi.
- Góð þekking á aðferðafræði og tölfræðilegum greiningum og reynsla af notkun SPSS tölfræðiforritsins og framkvæmd kannana.
- Góð þekking og reynsla á tölfræðihugbúnaðinum R.
- Jákvæðni og góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af þátttöku í innlendum og alþjóðlegum rannsóknarverkefnum.
- Mjög gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti.
- Góðir skipulagshæfileikar og geta til að vinna sjálfstætt og í teymi.
- Við mat á umsóknum er tekið mið af hversu vel viðkomandi uppfyllir þarfir RHA.

Umsókn skal fylgja:

- Greinargóð skýrsla um náms- og starfsferil.
- Staðfest afrit af viðeigandi prófskírteinum.

Tilnefna skal þrjá meðmælendur. Æskilegt er að einn þeirra sé næsti yfirmaður umsækjanda í núverandi eða fyrra starfi hans.

Umsóknarfrestur er til 22. desember 2017. Ekki er notað staðlað umsóknareyðublað.

Umsóknir og fylgigögn skal senda rafrænt á til skrifstofu rektors Háskólans á Akureyri á netfangið starfsumsokn@unak.is. Ófullnægjandi umsóknir eru ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsókn getur gilt í sex mánuði eftir að umsóknarfresti lýkur, sbr. 2. gr. reglna nr. 464/1996. RHA áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Meðferð umsókna, mat á hæfi umsækjenda og ráðning í starfið er í samræmi við ákvæði laga um opinbera háskóla nr. 85/2008 og reglur fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009.

Laun eru skv. kjarasamningi Félags háskólakennara á Akureyri og fjármálaráðherra.

Nánari upplýsingar gefur forstöðumaður RHA, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, netfang: gudrunth@unak.is, sími 460 8901.

Háskólinn á Akureyri stuðlar að jafnrétti kynjanna og hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um laus störf.